

Rosabaugur yfir Íslandi. Saga Baugsmálsins

Bókarhöfundur: **Björn Bjarnason**

Bókarheiti: **Rosabaugur yfir Íslandi. Saga Baugsmálsins**

Gagnrýnandi: **Ólafur Ísleifsson**, hagfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík

Útgáfa: **Bókafélagið Uglá, Reykjavík 2011, 432 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

Í bókinni er rakin saga Baugsmálsins samkvæmt opinberum heimildum. Atburðum er lýst af sjónarhóli dómsmálaráðherra sem hlaut harða gagnrýni fyrir ummæli meðan málið var fyrir dómstólum. Bókin er ekki sagnfræðileg enda er þar ekki leitast við að greina heimildir og vega og meta ólík sjónarmið. En hún verður vafalaust mikilvægt gagn við sagnfræðilegar rannsóknir síðar. Bókin hefur ótvírætt heimildargildi um viðhorf manns í fremstu röð og vekur upp áleitnar spurningar um aðstöðu réttarvörslukerfisins gagnvart sakborningum sem varið geta ógrynni fjár til að fegra ímynd sína í augum almennings og dómstóla og vekja um leið tortryggni í garð lögreglu og saksóknara.

Baugsmálið með augum dómsmálaráðherra

Höfundur segir í aðfaraorðum að við varnir í hinu svonefnda Baugsmáli hafi verið gripið til aðferða sem séu einstæðar í íslenskri stjórnmála- og fjölmiðlasögu. Bókin snúist um þessar aðferðir. Þá segir höfundur fulla ástæðu vera til að greina aðferðir sem beitt var til að móta almenningsálit í þágu Baugsmanna, vega að réttarvörslukerfinu og hafa áhrif á niðurstöðu dómara. Í bókinni sé leitast við að gera það á hlutlægan hátt og draga saman niðurstöður að lokum. Einnig má ráða af aðfaraorðum að bókinni er ætlað að vera andsvar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þar sem ekki er minnst á Baugsmálið en fundið að því að stjórnsýsla og opinberar eftirlitsstofnanir hafi brugðist og að í aðdraganda hrunsins hafi ríkt „hugmyndafræði eftirlitsleysisins“ á Íslandi.

Bókin veitir yfirgripsmikla sýn á Baugsmálið, eins og það birtist í fjölmiðlum, en efnisatriði dómsmála liggja að mestu leyti milli hluta. Áhugavert er að fá lýsingu á gangi málsins innan frá af sjónarhóli dómsráðherra, ekki síst eigin ummælum og viðbrögðum við þeim. Hefur bókin að þessu leyti ótvírætt heimildargildi um atburði og viðhorf manns í fremstu röð. Frásögnin er skipuleg og upplýsandi. Bókin er lipurlega skrifuð og frágangur er góður en gagn hefði verið að textum neðan við myndir. Heimildaskrá er engin en vitnað er til heimilda jafnóðum neðanmáls. Nafnaskrá aftast eykur notagildi bókarrinnar.



Höfundur rekur viðbrögð forráðamanna Baugs við umfjöllun flokksformanna á Alþingi árið 2002 um samþjöppun sem þá hafði átt sér stað á matvælamarkaði, yfirburði fátta aðila og sjónarmið um nauðsyn á samkeppni á markaði í stað einokunar. Þessi umræða myndar baksíðu Baugsmálsins. Stjórnvöld hafa ábyrgðarmiklum skyldum að gegna í þessu efni enda á almenningur mikilla hagsmuna að gæta þegar kemur að samkeppnisskilyrðum á markaði og möguleikum aðila á að fara sér í nyt markaðsráðandi stöðu. Er ótvíræð nauðsyn á að um þessi atriði sé fjallað með gagnrýnum hætti hvað sem líður hagsmunum sterkra aðila í viðskiptalífínu og að samkeppnisyfirvöld hafi yfir úrræðum að ráða sem tryggja hag neytenda og verja þá fyrir hugsanlegum ágangi aðila sem búa yfir sterkri markaðsstöðu. Umræðan á Alþingi um hlut og hlutverk samkeppnisyfirvalda kann að hafa skerpt átakalínurnar þegar ákærvaldið hóf rannsókn í Baugsmálinu og var nýtt til að draga nót að þeirri fullyrðingu að rannsóknin ætti pólitískar rætur.

Höfundur rekur málflutning og ummæli ýmissa aðila eftir því sem Baugsmálinu vindur fram. Er dregið fram smátt og stórt um þetta efni. Höfundur virðist telja þátt ýmissa fjölmiðlamanna hafa haft þýðingu við að móta almenningsálit og gerir athugasemdir við framgöngu þeirra. Hvass tónn einkennir þessa umfjöllun, kannski að vonum í einhverjum tilvikum, en höfundur hefði mátt spara sér nafngiftir á borð við Baugsmiðla og annað af því tagi sem naumast eiga erindi í málefnalega umræðu. Þá eru gerðar athugasemdir af hálfu höfundar við ýmis ummæli lögmanna Baugs og viðleitni til að reka dómsmál í fjölmiðlum. Þær athugasemdir hefðu fengið aukið vægi ef þær hefðu verið grundvallaðar á samanburði við viðurkennd viðmið, t.d. siðareglur lögmanna og viðtekin sjónarmið um góða starfsháttu lögmanna sem hljóta að veða þýngst þegar slíkir menn eru dæmdir fyrir verk sín.

Þegar kemur að umfjöllun um hlut einstakra manna vekur sérstaka athygli þegar höfundur vísar að ritstjórum Fréttablaðsins með þessum orðum: „Hlutur þeirra Kára Jónassonar og Þorsteins Pálssonar við að bregða gæðastimpli á Fréttablaðið verður ekki skýrður á annan veg en þann að þeir hafi viljað njóta hluta af hinu mikla fé sem Baugsmenn höfðu milli handa” (bls. 409). Gegnir furðu að höfundur hafi uppi svigurmæli af þessu tagi í bók sinni. Að svo miklu leyti sem ummælin snúa að Þorsteini Pálssyni, fyrrum formanni Sjálfstæðisflokksins, forsætisráðherra og samráðherra höfundar um áráð, kunna þau bera vott um harðvítugri átök innan Sjálfstæðisflokksins en áður var almennt vitað um.

Svo gripið sé niður í einstök atriði bókarinnar má til dæmis geta þess að höfundur fjallar með nokkrum þunga um frétt Fréttablaðsins um fund Styrmis Gunnarssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. og Kjartans Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, um lögmennsstörf í þágu kærands Jóns Gerald Sullenbergers. Framkvæmdastjórinn og ritstjórinn töldu sig þurfa að gefa skýringar á fundinum og gerðu það með vísan til fjölskyldubanda og að þeir hefðu um langt skeið leitað ráða hvor hjá öðrum. Framkvæmdastjórinn sagði ritstjóran hafa spurt sig, hvort „málarekstur [...] væri ekki í höndum vandaðs og heiðarlegs lögmanns ef Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. tæki að sér mál mannsins” (bls. 152-3). Þetta birtir höfundur athugasemdalaust, þótt ekki verði séð að kalla hafi þurft saman fund og

bera upp slíka spurningu um þjóðkunnan lögmann og að auki naumast ókunnan fundarmönnum. Hér hefði höfundur mátt kryfja heimildir með gagnrýnni hætti en gert er enda er viðbára framkvæmdastjórans ótrúverðug og upplýsingar um fjölskyldubönd óskyldur fróðleikur.

Höfundur teflir fram í bókinni ummælum sem hann lét falla á vefsíðu sinni sem sum hver sættu harðri gagnrýni. Þessi umfjöllun snýr að þeirri spurningu hvað ráðamönnum er óhætt að segja í umræðum um mál á vettvangi réttarvörslukerfisins án þess að leggja með þeim hætti vopn í hendur sakborninga. Höfundur telur augljóst að þann lærdóm megi draga af málinu að verjendur telji sig geta í þágu umbjóðenda sinna beitt fyrir sig ummælum sem falla á stjórnmalavettvangi. Höfundur hefur jafnframt eftir innanríkisráðherra orð, sem féllu 13. apríl 2011, sem kunna að eiga eftir að koma við sögu í hugsanlegum ákærum gegn gerendum hrunsins: „Ég heiti mönnum því að við munum standa vörð um þessa rannsókn. Ég hef áður sagt að ef við leidum ekki til lykta þessa rannsókn mun íslenska þjóðin hafa móralska timburmenn í 300 ár. Við ætlum að ljúka þessu verki og við höfum staðið vel að þessari rannsókn” (bls. 405). Ummælin sýnast varhugaverð í ljósi Baugsmálsins en athygli vekur að þeir sem ákafast gagnrýndu bókarrhöfund fyrir ummæli meðan hann gegndi embætti dómsmálaráðherra hafa ekki í sama mæli gert athugasemdir við hin tilvitnuðu orð. Ganga þau þó sýnu lengra en nokkuð sem bókarrhöfundur lét frá sér á tíma Baugsmálsins.

Kjarni bókarrinnar felur í sér spurninguna um aðstöðu réttarvörslukerfisins sem mætir ofurefli gagnvart sakborningum sem eru í færum til að verja ógrynni fjár og nýta sér yfirburði til að sveigja almenningssálit á sitt band og gera lögreglu og saksóknara tortryggileg í augum fólks. Sjálfur mátti höfundur þola að málsaðili beitti fjárhagslegu afli til að veikja pólitíska stöðu hans. Þessu tengt er spurningin um áhrif opinberrar umræðu á dómara sem ítrekað kemur upp í bókinni án þess að séð verði að henni sé beinlínis svarað. Gagnlegt hefði verið ef höfundur hefði kannað hvort fyrir liggi rannsóknir á þessu sviði, ekki síst af erlendum vettvangi, og grundvallað umfjöllun sína á niðurstöðum, ef til eru, um hugsanlega tilhneigingu dómstóla til að fylgja hvikulu álitu fjöldans í stað þess að dæma eingöngu eftir lögnum. Bókin vekur upp áleitnar spurningar um þetta efni. Hugleiðingar um áróðursstríð til að hafa áhrif á almenningssálitið og á dómara eru áhugaverðar en tæpast nýjar af nálinni. Verk dómara verður væntanlega að vega og meta út frá því sem gerst hefur í sambærilegum málum. Spyrja má til dæmis hvort sönnunarkröfur í Baugsmálinu voru strangari en gengur og gerist í áþekktum málum og hvort refsingar hafi verið í takt við það sem gildir um sambærileg mál. Eins má spyrja hvort málátillbúnaði hafi verið áfátt af hendi ákæruvaldsins í ljósi þess að fátt stóð eftir af upphaflegum ákæruatriðum.

Björn Bjarnason hefur haldið áfram að vera mikilvirkur þátttakandi í þjóðfélags-umræðu þótt hann hafi látið af stjórnmalastörfum. Fagnaðarefni er að menn með innsýn í mál og baksvið þeirra leggi með ritverkum fram skerf til samtímasögunnar. Vonandi heldur því höfundur áfram á sömu braut. Bók hans um Baugsmálið er ekki sagnfræðileg enda er þar ekki leitast við að greina heimildir og vega og meta ólík sjónarmið. En hún verður mikilvægt gagn við sagnfræðilegar rannsóknir síðar þar sem hún er skrifuð tiltölulega skömmu eftir að atburðir gerðust af manni sem var á vett

vangi. Bókin er líka hluti af viðleitni stjórnámamanns úr miðri hringiðunni til að hafa áhrif á hvernig sú saga verður skrifuð í framtíðinni. Auðvitað verður að taka henni sem slíkri með kostum sínum og göllum.

Viðtökurnar við bók Björns Bjarnasonar, eins og sjá mátti af metsölulistum, gefa til kynna að fleiri rita frá hans hendi verði beðið með eftirvæntingu. Efnahagshrunið liggur að mestu utan sviðs þessarar bókar þótt vikið sé að falli bankanna í niðurlagskafla um lærdóma. Áhugavert væri að sjá frá hans hendi umfjöllun um tengsl fjáraflamanna, ekki síst eigenda og stjórnenda bankanna, og stjórnmalaflokka og greiningu á áhrifum þessa þáttar á hrun fjármálakerfisins í landinu. Bók hans um Baugsmálið gefur kannski innsýn í hvers vænta má af hendi þeirra ábyrgðarmanna og gerenda hrunsins, sem ætla sér, hvað sem líður tilburðum réttarkerfisins, að ganga frá því refsilaust með þýfið í farteskinu.